

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Birgir Gunnarsson
Dags. 19. febrúar 2021
Mnr. 2020120066



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað frá bæjarstjóra

Ráðning sviðsstjóra Skóla- og tómstundasviðs – staða mála og framhald.

Umsóknarfrestur um stöðuna rann út þann 4. febrúar s.l. Eins og fram hefur komið þá bárust 10 umsóknir um stöðuna. Lagt var mat á hæfi umsækjenda á grundvelli umsókna m.t.t. krafna um menntun, reynslu og hæfni sem koma fram í auglýsingu um starfið.

Ráðgjafafyrirtækið Intellecta leiðir þessa vinnu og setti upp martrixu þar sem lagt var mat á einstaka þætti sem hver um sig hefur ákveðið vægi. Umsækjendur fengu einkunn frá 1-5 fyrir hvern matsþátt. Thelma Kristín Kvaran sérfræðingur í ráðningum hjá Intellecta leiðir þessa vinnu og hún ásamt bæjarstjóra lagði mat á hæfni umsækjenda á grundvelli umsókna.

Næsta skref í ráðningarferlinu eru viðtöl við umsækjendur. Niðurstaðan eftir framangreint mat var að boða fimm umsækjendur í viðtal, þrjár konur og tvo karla. Viðtölin fóru fram miðvikudaginn 17. febrúar s.l.. Sömu spurningar voru lagðar fyrir alla umsækjendur í viðtölum og lagt mat á eftirfarandi þætti með einkunnagjöf á bilinu 1-5:

- Starfsreynsla og þekking á skóla og tómstundamálum
- Reynsla af rekstri, fjármálastjórn, gerð fjárhagsáætlana og samninga
- Stjórnunarreynsla
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Hæfni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, önnur tungumálakunnátta kostur
- Góð almenn tölvukunnátta

Mannauðsstjóri sagði sig frá ráðningarferlinu vegna tengsla við einn umsækjenda og það sama gerði formaður bæjarráðs.

Vika 8 verður nýtt til að vinna úr viðtölum og kanna betur bakgrunn umsækjenda með samtölum við meðmælendur. Rökstudd tillaga frá Intellecta og bæjarstjóra um ráðningu í starfið verður lögð fyrir bæjarráð þann 1. mars n.k. og til afgreiðslu í bæjarstjórn þann 4. mars n.k. Undirritaður leggur á það mikla áherslu að eining sé í bæjarstjórn um að treysta þessu ferli.

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri